

MJÓLKUR PÓSTURINN

Fréttabréf Mjólkursamsölnnar sem er í eigu íslenskra kúabænda. 1. tbl. júní 2023

Útgefandi: Auðhumla og MS – Ábyrgðarmaður: Pálmi Vilhjálmsson

Ritstjóri: Steinunn Þórhallsdóttir steinunn@ms.is – Prentun: Prentmet Oddi



Hjá MS á Selfossi er komin ný og glæsilegri G-vöru þökkunarvél sem pakkar í 250 ml fernur. Uppsetning vélarinnar tók rúman mánuð en nú er hún komin í fulla notkun. Vélin er af gerðinni Tetra Pak A3 Compact Flex og tekur við af rúmlega þritugri vél. Ágúst Þór Jónsson, rekstrarstjóri sagði að miklar vonir væru bundnar við nýju vélina. “Öryggi starfsmanna við vélina er meira. Gamla vélin gat pakkað í sex þúsund einingar á klukkustund en nýja vélin pakkar í níu þúsund einingar á klukkustund,” sagði Ágúst Þór. Á myndinni má sjá Guðmund Rúnar Sigfússon, starfsmann MS á Selfossi.

Mjólkurvörur hækka minnst á Íslandi

Tímabilið apríl 2022 – apríl 2023 hækkaði verð mjólkurvörum og eggjum um 12,1% hér á landi. Á sama tíma hækkuðu mjólkurvörur og egg að meðaltali um 24,8% í löndum ESB. Sem dæmi nam hækkunin 31,7% í Þýskalandi og 26,3% í Póllandi. Á norðurlöndunum hækkaði mjólkinn minnst í Danmörku um 18,5%, 19,6% í Finnlandi og um 25,5% í Svíþjóð. Meðfylgjandi mynd sýnir verðhækkanir á mjólk ostum og eggjum frá mars 2022 til mars 2023. Þá hækkuðu einungis ávextir, sykur og liðurinn aðrar matvörur minna hér á landi en mjólk frá apríl 2022 til apríl 2023.

Ástædan fyrir þessum verðhækkunum á matvörum þar með talið mjólkurvörum sl. ár, eru hækkanir á lykilaðföngum langt umfram annað verðlag m.a. vegna stríðsins í Úkraínu. Þessar ástæður eiga við bæði í löndum ESB og hér á landi. Fulltrúi

bænda í Verðlagsnefnd sagði raunar í viðtali við Viðskipta- blaðið nýverið að um 15 krónur vanti nú upp á til að tekjur á framleiddan lítra standi undir framleiðslukostnaði.

Á sama tólf mánaða tímabili hækkaði matur hér á landi samtals um 12,5%. Aðeins í fjórum aðildarlöndum ESB hækkaði matvara minna á sama tíma, á Kýpur, Grikklandi, Möltu og Ítalíu.

Það er því staðreynd að hér á landi hafa orðið minni hækkanir á mjólkurvörum til neytenda en í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Margir hafa haldið því fram undanfarið að opinber verðlagning hafi leitt til hækkana á þessum vörum umfram almenna verðlagsþróun. Í ljósi framansagðs virðist þó allt eins mega halda því fram að hún hafi gert sitt til að halda aftur af verðhækkunum á mjólkurvörum til neytenda. /EB



Nýr framkvæmdastjóri Auðhumlu

Jóhannes Hreiðar Símonarson tók til starfa sem framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. þann 1. febrúar sl. af Garðari Eiríkssyni. Garðar lætur nú af störfum eftir tæplega 30 ára starf fyrir Auðhumlu svf., Mjólkur-samsöluna og MBF.

Jóhannes er ættaður úr Skagafirðinum, sonur hjónanna Símonar Traustasonar og Ingibjargar Jóhannesdóttur, bænda á bænum Ketu í Hegranesi, hvar hann ólst upp við öll almenn sveitastörf.

Að loknu námi í búvísindum árið 1999 hóf Jóhannes störf sem nautgripa-, jarðræktar- og rekstrarráðunautur hjá Búnaðar-sambandi Suðurlands þar sem hann starfaði í um 10 ára skeið en þá færði hann sig yfir til Arion banka þar sem hann starfaði á árunum 2009–2019, síðast sem útibússtjóri Arion banka á Hellu. Frá ársbyrjun 2020 til 31. janúar síðastliðinn starfaði Jóhannes sem



framkvæmdastjóri Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. (UTU bs.) á Laugarvatni.

Aðspurður segist Jóhannes vera ánægður með að vera aftur kominn til starfa fyrir bændur og hafa fengið traust að stýra þessu mikilvæga samvinnufélagi íslenskra mjólkurframleiðenda.

www.audhumla.is

Sala mjólkurvara

Árið fer vel af stað í sölu mjólkurvara fyrstu fimm mánuði ársins.

Smjörið og Smjörvinn eru í 28 tonna aukningu (3,1%), ostarnir bæta við sig 110 tonnum (4,4%), aukningin er leidd af ferskum Mozzarella osti og svo hefur tekist að auka sölu í mygluostum ýmiskonar þrátt fyrir mikið framboð innfluttra veisluosta.

Bragðbætta mjólkinn er í 14,7% aukningu eða 276 þús lítra þar sem einstaklega góð sala á Hleðslu dregur

vagninn. Auglýsingaherferð í tilefni af 50 ára afmæli kókomjólkurinnar er einnig að skila góðri sölu.

Skýr og jógúrt aukast líka og munar þar mest um fjölgun erlendra ferðamanna en skyrárhugi þeirra er mikill.

Það er rjóminn sem er í samdrætti og tengist það helst viðskiptum með hrárjóma.

Á heildina litið er mjög góð sala það sem af er ári og það eru væntingar um að sumarið verði gott líka. / AHM

Uppsöfnuð sala í tonnum

	Jan-maí		Mism	%	Áætlun		
	2022	2023			2023	Mism	%
Smjör/Smjörvi	909	937	28	3,1%	927	10	1,0%
Ostar	2.522	2.632	110	4,4%	2.561	71	2,8%
Duft	545	569	25	4,6%	555	14	2,5%
Samtals KG	3.975	4.138	163	4,1%	4.043	95	2,3%
Hvít mjólk	9.261	9.346	85	0,9%	9.107	239	2,6%
Bragðb mjólk	1.878	2.154	276	14,7%	1.940	214	11,1%
Skýr/Jógúrt	3.193	3.276	83	2,6%	3.241	34	1,1%
Rjómaavorur	1.270	1.229	-41	-3,2%	1.279	-50	-3,9%
Samtals Ltr	15.601	16.005	404	2,6%	15.567	438	2,8%

Uppsöfnuð sala í m.kr

	Jan-maí		Mism	%	Áætlun		
	2022	2023			2023	Mism	%
Samtals	12.100	14.033	1.932	16,0%	13.566	466	3,4%



Fyrr á árinu fékk Mjólkursamsalan afhentan nýjan bíl af gerðinni MAN TGE, ágerð 2023. Bíllinn prýðir falleg merking fyrir gríska jógúrt sem mun án efa vekja athygli á góðri vöru en til þess er leikurinn einmitt gerður. Merkingar á bílunum eru frábær leið til að vekja athygli á vörum okkar og áberandi auglýsinga-flötur í umferðinni. Bíllinn verður notaður á höfuðborgarsvæðinu.

Frá stjórn og forstjóra

Á deildarfundum sem haldnir voru í mars mánuði sl. sem og á aðalfundi Auðhumlu var eðli máls samkvæmt nokkuð rætt um stöðu mjólkurframleiðslunnar í dag og til framtíðar, sem og rekstrarforsendur kúabúa. Fækkun mjólkurframleiðenda hefur verið nokkur á undanförunum misserum en það virðist vera nokkuð breytt mynstur í þeirri fækkun í samanburði við síðustu ár. Undanfarið hefur fækkun mjólkurframleiðenda aðallega verið bundin við það að minni búin sem styðjast við eldri húsa- og aðstöðukost - hætti frekar rekstri, en nú hefur auk þess borið nokkuð á að stærri byli með nýlegra húsnæði og aðstöðu hætti einnig framleiðslu.

Greina þarf hvort um tímabundið ástand sé að ræða sökum þeirra erfiðu aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar heimsfaraldurs og síðan innrásar Rússa í Úkraínu. Jafnframt hvort líklegt sé að áhrifaþættir á landbúnaðinn tengdir stríðsátökunum geti og muni að einhverju leiti ganga til baka, þegar friður kemst á. Þau landssvæði þar sem þessi ófriður geysar hafa umtalsvert vægi á aðstæður matvælaframleiðslu í Evrópu og víðar og þá helst í gegnum raforku-, olíu-, korn- og áburðarverð. Að þessu upptöldu er alveg ljóst að fáar atvinnugreinar hafa orðið fyrir jafn víðtækum áhrifum til hækkunar rekstrarkostnaðar í heiminum og landbúnaðarframleiðsla, enda eru allir fyrrnefndir þættir mikilvægar grunnstoðir í matvælaframleiðslu. Það liggur í hlutarins eðli og má glöggst sjá á mikilli hækkun matvælaverðs í Evrópu allri sl. ár.

Eftirlitsþættir með stöðu mjólkurframleiðslu

Af þeim eftirlitsþáttum sem fyrirtækin leggja áherslu á að fylgjast reglubundið með til að meta stöðu, horfur og þörf í mjólkurframleiðslu hverju sinni, má m.a. nefna:

- Stöðu og þróun í gripafjölda kúastofnsins á mánaðargrunni (mjólkurkúr, kelfdar kvígur og kvígukálfar)
- Þróun í vikulegri reiknaðri nýtt kúastofnsins út frá vikuframleiðslu mjólkur og gripafjölda.
- Mánaðarlegri sölu á innanlandsmarkaði og þróun í stærð innanlandsmarkaðar á 12 mánaða grunni (ársgrunni) sl. 12 mánuði. Markaðsstærð á ársgrunni reiknast yfir í lítra mjólkur frá framleiðendum bæði á fitu- og próteingrunni.
- Þróun í verði ýmissa aðfanga til mjólkurframleiðslu.



- Aðstæðum í veðurfari til fóduröflunar hverju sinni

Opinber verðlagning mjólkur til framleiðenda

Á vegum verðlagsnefndar búvöru hefur loks verið tekin ákvörðun um að setja í gang vinnu við endurskoðun á verðlagsgrundvelli kúabús. Búið er að fá fjárheimildir til verksins og er því ekkert til fyrirstöðu að endurskoðunin geti hafist.

Þessi vinna er löngu tímabær og hefur lengi verið þrýst á það innan verðlagsnefndar búvara undangengin ár að þessi endurskoðun fari fram. Vonir standa til að niðurstaðan leiði fram réttari niðurstöðu í vægi kostnaðarþátta við mjólkurframleiðslu.

Verðlagning á umframmmjólk og framleiðsla umframmmjólkur 2023 – Hvatning til bænda

Hér hefur verið dregið á þeim þáttum sem reglubundið er fylgst með í forsendum til mjólkurframleiðslu og þörfinni hverju sinni. Á vegum stjórna MS og Auðhumlu hefur verið farið reglubundið yfir stöðu þeirra áhrifaþátta sem nefndir hafa verið.

Að teknu tilliti til þeirra, m.a. til mikillar sölu mjólkurvara sem stendur og óhagstæðs tíðarfars sem getur haft áhrif á beit og fóduröflun á komandi vikum, hefur verið ákveðið að verð á umframmmjólk hækki frá síðustu ákvörðun sem var 1. febrúar sl. Verð á umframmmjólk hækkar úr 75 kr í 85 kr, eða um 10 kr/ltr frá og með 1. júní 2023.

Í þessu samhengi er rétt er að benda á eftirfarandi:

- Umframmmjólkurverð á árinu 2023 verður, með þessari ákvörðun, ekki lægra en **85 kr/ltr**. Það mun því ekki taka breytingum til lækkunar frá því sem nú hefur verið ákveðið.
- Skv. 4. gr. búvörusamnings (gr. 4.1) fara fram mánaðarlegar beingreiðslur á alla innvegna mjólk óháð greiðslumarki. Á síðasta ári námu greiðslur skv. þessari grein samningsins, u.þ.b. **20 kr/ltr framleiddrar mjólkur**, og þar með umframmmjólkur líka. Að teknu tilliti til þessa verður heildargreiðsla fyrir umframmmjólk á árinu 2023 um **105 kr/ltr**.

Stjórnir félaganna munu áfram fylgjast grannt með stöðu og þróun í framleiðslu- og markaðsmálum á komandi vikum og mánuðum. Það fellur undir ábyrgð stjórna og stjórnenda fyrirtækja að nýta það svigrúm sem gefst í rekstrinum til að tryggja framleiðslu mjólkur fyrir innanlandsmarkað hverju sinni. Það verður þó að gerast án þess að ganga of nærri fjárhag þeirra. Það getur verið vandasant verk þar sem lítið má út af bregða þannig að rekstrar- og fjárhagsstaða hverfist frá því að vera sjálfbær yfir í ósjálfbærni - þegar svigrúmið er lítið.

Að öllu þessu framansögðu hvetjum við bændur eindregið til að nýta framleiðslu- aðstæður sínar og fullnýta greiðslumark sitt á árinu eftir fremstu getu. Við óskum öllum félagsmönnum velfarnaðar með von um að veðurfar og aðstæður sumarsins verði hagkvæmar m.t.t. til beitar og fóduröflunar.

*Elín M. Stefánsdóttir
Ágúst Guðjónsson
Pálmi Vilhjálmsson*

Notkun sýklalyfja í landbúnaði

Í nóvember 2022 kom út tólfta skýrsla Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar um notkun sýklalyfja í landbúnaði (ESVAC), þ.e. í búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu að sölu sýklalyfja til fiskeldis meðtaldri. Skýrslan nær til ársins 2021 og tekur til 31 lands; ESB ríkjanna 27 auk Bretlands, Sviss, Noregs og Íslands.

Sala sýklalyfja í Evrópu er borin saman sem sala í milligrömm (mg) á samræmda búfjáreiningu, PCU. PCU vísar til „Population Correction Unit“ sem tekur annars vegar tillit til stofnstærðar og hins vegar áætlaðs meðalþunga gripanna þegar sýklalyfjameðferð fer fram. Í ESB löndum 27 hefur sala sýklalyfja dregist saman frá árinu 2018 úr 118,3 mg/PCU í 96,6 mg/PCE eða 18,3%. Það samsvarar um 1/3 af markmiði ESB um 50% samdrátt í sölu sýklalyfja árið 2030. Markmið ESB hljóðar upp á að þá nemi salan að hámarki 59,2 mg/PCU. Til samanburðar er sala sýklalyfja í landbúnaði á Íslandi einungis 3,6 mg/PCU.

Þegar horft er til allra landanna, alls 31, þá nam sala sýklalyfja að meðtali 84,4 mg/PCU eða ívið minna en innan ESB. Samfelldar upplýsingar fyrir árin 2011 – 2021 liggja fyrir frá 25 löndum og hefur sala á sýklalyfjum fyrir búfé dregist saman í þeim um 46,5%. Frá 2017 – 2021 dróst salan saman um 20,9% í því 31 landi sem tekur nú þátt í starfi ESVAC.

Sala sýklalyfja á Íslandi

Meðfylgjandi mynd sýnir sölu á sýklalyfjum fyrir búfé sem milligrömm á búfjáreiningu (mg/PCU). Segja má að Ísland og Noregur skeri sig úr þessum hópi nú líkt og áður. Löndin fjögur í samanburðinum sem standa utan ESB eru öll í hópi þeirra tíu landa þar sem salan er minnst.

Sala á sýklalyfjum til hópmeðferðar


Þegar litið er á sölu sýklalyfja fyrir búfé eftir því á hvaða notkunarformi þau eru voru 86,3% sölunnar á formi sem fyrst og fremst er ætlað til hópmeðferðar. Þetta skiptist þannig að lyf til að blanda í vatn til drykkjar var söluhæsta vöruformið eða 57,9% af heildarsölu í þessu 31 landi. Þar á eftir koma lyf til blöndunar í fôður (21,8%) og duft til inntöku (6,6%). Önnur notkun skiptist síðan í lyf til notkunar í sprautuformi sem nam 12,6%, sýklalyf til inndælingar í spena/júgur, 0,71% og aðrar vörur sem námu 0,42% af heildarsölnni.

Í samanburði við þau lönd sem innfluttar búvörur koma frá, sem eru helst Danmörk, Þýskaland, Holland, Pólland og Ítalía, hefur Ísland algera sérstöðu. Sala sýklalyfja í þessum löndum er frá því að vera ríflega níuföld á við sölu á Íslandi í Danmörku upp í tæplega 49 föld í Póllandi, miðað við sölu í mg/PCU. Í umfjöllun um sýklalyfjanotkun á Íslandi kemur skýrt fram að engin framleiðsla er

með talið grunnvatnið. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að notkun búfjáraburðar frá húsdýrum sem hafa verið meðhöndluð með sýklalyfjum hefur leitt til aukningar á sýklalyfjaþolnum bakteríum (ARB) og sýklalyfjaþolnum genum (ARG) í jarðvegi, samanborið við jarðveg sem fékk verk-smiðjuframleiddan tilbúinn áburð eða engan áburð.

Sérstaða Íslands er ótvíræð

Af myndinni sem sýnir sölu sýklalyfja sést glögt þá mikilvæga forskot sem Ísland hefur á flestar aðrar Evrópuþjóðir. Þetta forskot nær einnig til óhjákvæmilegra áhrifa á umhverfið og hvernig lyfjaleifar og lyfjapolið erfðaeðni getur síðan borist



á fôðri með viðbættum sýklalyfjum, hjá íslenskum fôðurframleiðendum.

Sýklalyf og umhverfið

Á undanförunum árum hafa vísindamenn hert rannsóknir á áhrifum útskolunar lyfja í búfjáraburði á umhverfið. Í grein síðan í september 2022, er margan fróðleik að finna um þetta auk tilvitnana í eldra efni. Í henni kemur fram að notkun búfjáraburðar í landbúnaði sé nú álitin lykil áhrifaþáttur á útbreiðslu gena (erfðaeðnis) sem hafa myndað ónæmi gegn sýklalyfjum (ARG) hjá mannfólki, dýrum og í umhverfinu bæði á láði og legi, þar

með drykkjarvatni og beit búfjár inn í fæðukeðjuna á ný. Þetta eykur enn á þá ógn sem stafar af vaxandi sýklalyfjaþónæmi í heiminum. Í ljósi alls þessa, hvi ættu Íslendingar þá að sækjast eftir að flytja inn og neyta búfjárafurða sem eru framleiddar við margfalda notkun sýklalyfja á við það sem gerist hér á landi og með tilheyrandi áhrifum á umhverfið og þar með íbúa viðkomandi landa. Meiri sómi væri að því að kappkosta að vera okkur sjálf næg um þær búfjárafurðir sem við kjósum að neyta og getum framleitt hér á landi. /EB



Verðlaun fyrir mjólk í 1. flokki A

Verðlaunahafar 2022

Innl. númer	Nafn	Heimili	Deild
13505	Hulda Steinunn Sigurðardóttir	Stapa	A-Skaftafellsdeild
20304	Gráhöll ehf.	Brúnastöðum	Flóa- og Ölfusdeild
20608	Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti,	Uppsveitadeild
20701	Jökull Helgason	Ósabakka	Uppsveitadeild
22221	Bolette Höeg Koch	Hæli I	Uppsveitadeild
20928	Félagsbúið	Saurbæ	Holta-, Landm.-, Ása og Djúþárd.
20933	Félagsbúið Guttormshaga	Guttormshaga	Holta-, Landm.-, Ása og Djúþárd.
21335	Teigur 1 sf.	Teigi 1	Fljótshl., Hvals- og Rangárv.d.
21958	Katrín Viðarsdóttir og Sigurður Ottósson	Ásólfskála	Eyjaþalladeild
21975	Sigríður Björk Ólafsdóttir	Fit	Eyjaþalladeild
22028	Halldór Óskarsson	Lágafelli	Landeyjadeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
30187	Mjólk og menn ehf	Gunnlaugsstöðum	Vesturlandsdeild
30592	Sigurjón Grétarsson	Furubrekku	Vesturlandsdeild
30621	Guðjón Jóhannesson	Syðri-Knarratungu	Vesturlandsdeild
35180	Kjartan Jóseppson	Nýju Búð	Vesturlandsdeild
36306	Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson	Bakka	Vesturlandsdeild
36406	Miðdalsbúið ehf.	Miðdal	Vesturlandsdeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
52575	Steinný ehf	Steinnýjarstöðum	Austur-Húnaþingsdeild
58206	Halldór Pálsson	Súluvöllum ytri	Vestur-Húnaþingsdeild
58512	Torfustaðabúið ehf.	Neðri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58527	Guðný Helga Björnsdóttir	Bessastöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58613	Ásgeir Sverrisson	Brautarholti	Vestur-Húnaþingsdeild
60013	Kristín S Hermannsdóttir og Sæmundur Sigtryggsson	Merkigili	Norðausturdeild
60232	Róbert Fanndal Jóseppson og Elsa Ösp Þorvaldsdóttir	Litla Dunhaga	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson og Dagbjört Jónsdóttir	Sökku	Norðausturdeild
60493	Guðrún Marinósdóttir Og Gunnar Þór Þórisson	Búrfelli	Norðausturdeild
60516	Karl Ingi Atlason og Erla Hrönn Sigurðardóttir	Hóli	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K Karlsson og Sigurbjörg Einarsdóttir	Hóli	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68105	Erlingur Teitsson og Sigurlaug Svavarsdóttir	Brún	Norðausturdeild
68118	Hildigunnur Jónsdóttir	Lyngbrekku	Norðausturdeild
68408	Öxará rekstrarfélag ehf	Öxará	Norðausturdeild
68540	Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti 1	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild
252	Gunnlaugur Hrafn Jónsson	Hátúni	Skagafjörður
309	Efemía og Egill	Daufá	Skagafjörður
423	Flugherji ehf	Flugumýrarhvammi	Skagafjörður
441	Hólmsteinn Orri Þorleifsson	Þorleifsstöðum	Skagafjörður
706	Þorvaldur Ingi Guðjónsson	Krossi	Skagafjörður

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins auk þess sem:

- Hámark frumtölu í mánuðinum sé 200 þúsund frumur/ml eða lægra - mælt og reiknað sem faldmeðaltal
- Hámark líftölu í mánuðinum sé 20.000 ein/ml, mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins
- Hámark frírra fitusýra sé 0,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðar



Í viðtölunum á næstu síðum var spurt var um ávinninginn af því að ná háum meðalafurðum eftir grip og í beinu framhaldi hvað lægi að baki árangri. Síðan var m.a. spjallað um fóðrun kúa, kvígur og kálfa! Þessi kálfur er í fjósinu á Stóru-Reykjum.

Hvað þýðir það fyrir bændur, mjólkuriðnaðinn og neytendur að kýrnar mjólka sífellt meira?

Í janúar ár hvert birtast niðurstöður afurðaskýrsluhalds meðal kúabænda hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins. Meðalafurðir á kú hafa vaxið jafnt og þétt um árabil. Þegar litið er á nýjustu meðaltalstölur skýrsluhaldsins, fyrir janúar 2023 var meðalnyt á ársku 6.346 (lítrar eða kg) en afurðahæsta kýrin síðustu 12 mánuði, Fata í Skáldabúðum 2 hafði þá mjólkað 15.653 kg.

Meðfylgjandi línurit sýnir þróun meðalnytar eftir ársku árin 1951 - 2022. Eins og sjá má hefur hún rösklega tvöfaldast. Sé aðeins litið aftur til ársins 2000 hefur meðalnyt hækkað úr 4.657 kg í 6.313 eða um 35,5%. Þennan árangur má rekja til margra þátta s.s. kynbóta, aukinna fóðurgæða og bættrar fóðrunar og aðbúnaðar.


Á árinu 2022 voru 16 bú með meðalafurðir yfir 8.000 kg eftir árskúna. Mjólkurpósturinn ákvað að knýja dyra hjá tveimur þessara búa og forvitnast um búskapinn. Það eru bændurnir á Stakkhamri á Snæfellsnesi og Stóru-Reykjum í Flóahreppi sem veita okkur innsýn í reksturinn hjá sér.

Mjólkurpósturinn hafði einkum áhuga á að vita hver ávinningur væri að háum meðalafurðum eftir grip og hvað þættir liggja að baki slíkum árangri. Sérstaklega var spurt um áherslur í fóðrun hámmjólka kúa og uppeldi á kvígum. Ávinninginn segja bændurnir fólgin í að færri gripi þarf til framleiðslunnar. Markviss endurræktun túna og gott uppeldi er nefnt meðal þess er lykillinn að góðum árangri en margt fleira

áhugavert kemur fram í þessum viðtölum.

Hagkvæmni og aukin framleiðni á öllum stigum framleiðslunnar er mikilvæg fyrir vöxt og viðgang mjólkurframleiðslunnar. Þannig verður til framleiðniaukning sem skilar sér í bættem hag bænda og langtíma verðlækkunum til neytenda. Metnaður og nýting upplýsinga um hina fjölbreytilegu rekstrarþætti sem koma við sögu í mjólkurframleiðslunni leggja þar grunninn.

Mjólkurpósturinn þakkar bændunum á þessum tveimur búum kærlega fyrir að gefa sér tíma til að svara spurningunum og taka myndir með viðtölunum en þær voru allar teknar af þeim sjálfum eða vinum og vandamönnum.



Heimild: Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins



Fjöldi árskúa að meðaltali 2022: 54,2

Meðalnýt eftir árskú árið 2022: 8.477

Gísli og Jónína á Stóru Reykjum

„Ávinningurinn er augljós. Við þurfum færri gripi til að standa undir kostnaðinum en auk þess er þetta spurningin um sálina í okkur sjálfum! Auðvitað höfum við metnað fyrir rekstrinum og viljum að búið gangi vel,“ sögðu þau Gísli Hauksson og Jónína Einarasdóttir á Stóru-Reykjum. En hvað liggur að baki? Gísli sagði að eitt af því sem hann vildi nefna í því sambandi væri enduræktun túna. „Við leggjum mikla áherslu á að vera með vallarfoxgras og fjölært rýgresi. Þá erum við mjög vakandi yfir sláttutímanum því það skiptir öllu að geta náð heyrinu á réttu augnarblik.“

„Fóðrið leikur stórt hlutverk“, sagði Jónína og minnti á mikilvægi heysýna og fóduráætlana. Einnig að hafa góða yfirsýn yfir hjörðina til að grípa fljótt inni aðstæður ef þarf.

Í fjósinu er fódurgangur með annarri hliðinni og komast flestar kýrnar að í einu. „Við gefum eftir fóduráætluninni en ef okkur finnst hlutirnir ekki virka nógu vel, þá reynum við stundum að taka eina tegund út og setja aðra inn í staðinn“, sagði Gísli og bætti við að þetta væri á stundum hálfgerður línudans. Hey fer á fódurganginn á morgnana annan hvern dag og sagði Gísli að það væri eins gott að passa að það kláraðist ekki. Kýrnar þyldu ekki að vera án gróffóðurs. Ef það gerðist dytti úr þeim mjólkinn. „Þetta getur gerst á örfáum klukkutímum og við pössum



sérstaklega vel að á fódurganginum sé ætíð afgangur sem er ýtt til geldneytisins þegar þar að kemur.“ Aðspurð um kjarnfóður og kýr eftir burð sagði Jónína: „Við gefum tvær tegundir af kjarnfóðri önnur blandan er með fiskimjöli og heitir kk 16 en hin feitur róbót 20. Þá sér fódurtaflan í róbótanum um að trappa þær upp eftir burðinn og svo í framhaldinu eftir nýt.“

Og hið mikilvæga – almennt heilsufar í fjósinu – kýrnar á Stóru-Reykjum eru hraustar og una hag sínum vel. Þegar nýja fjósið var byggt 2015 var því gamla breytt svo það hentaði ungviðinu. Þau Gísli og Jónína leggja mikla áherslu á uppeldi kálfanna enda tekur innréttingin og aðstaðan mið af því.

En hvað um kvígurnar? „Kálfarnir fá mjólk í tvo mánuði og frjalsan aðgang að kálfaköggjum. Eftir þennan tíma erum við að gefa þeim kjarnfóður sem heitir Vöxtur. Þessu tímabili líkur svo eftir 10-11 mánuði,“ sagði Jónína. „Það er stór liður í þessu hjá okkur, að þegar gripur ber þá sé hann þroskaður og tilbúinn til að framleiða mjólk,“ sagði Gísli. „Það er ekki óalgengt að dagsnyt fari yfir 30 kíló hjá góðri kvígu og þær eru eins og fullvaxta kýr þegar þær bera 2ja ára. Þá finnst okkur einnig mikilvægt að geldkýrnar séu fódraðar sér á geldstöðunni á grófu léttu heyi.“



Meðalnýt eftir árskú árið 2022: 8.954 kg.

Fjöldi árskúa á Stakkhamri að meðaltali 2022: 56.4

Laufey og Þröstur á Stakkhamri

“Ávinningurinn? Markmiðið er að ná sem bestri afkomu út úr rekstrinum. Til að ná þeim markmiðum verður að stunda ákveðna jafnvægislist, hún er fölginn í því að vera hvorki of né van í mörgum þáttum búrekstar,” segja þau Laufey Bjarnadóttir og Þröstur Aðalbjarnarson. “Einn þátturinn að okkar mati er að ná sem mestum afurðum eftir hvern grip, það fellst m.a. í því að hafa jafnvægi milli afurða, efnainnihalds og gæða mjólkurinnar. Að öllu jöfnu má ætla að þegar afurðastig gripa er hátt að þá er heilbrigði hjarðarinnar gott, skepnunum líður vel.

Gott gróffóður er grundvallaratriði til þess að geta fóðrað til góðra afurða. Með góðu gróffóðri er auðveldara að ýta undir afurðagetu gripanna með kjarnfóðurgjöf. Þegar kemur til fóðrunar til mikilla afurða þarf að hafa augastað á ýmsum þáttum. Fóðrun mjólkurkúa er fyrst og fremst fóðrun örvera í vömb kúnna. Það þarf að hafa jafnvægi í fóðrinu til þess að virkni örveranna verði sem æskilegust, stóru þættirnir eru að orka, prótein og tréni séu í til staðar og í réttu hlutfalli.

Það hefur komið fyrir hjá okkur að maður gleymir sér og ætlar að bæta við í einum þættinum. Sem dæmi þá varð trénið í of litlu hlutfalli og vambarstarfssemin fór á skjön sem leiddi til efnaskiptavanda hjá kúm í hárrí nyt, súrdoða og súrri vömb. Þetta kennir okkur að vera alltaf á varðbergi og við erum alltaf að læra.”

Þau hjón nefna það að þegar þau voru í bændaskóla hafi það verið kennt að kúr eigi að “mjólka af sér”, það er að kúr eigi að ganga á holdin fyrstu mánuðina. “Á Stakkhamri er ekki reiknað

með að þær mjólki af sér, reiknað er með að kúr nái því áti sem þarf til að uppfylla þarfir í hárrí nyt. Þau segja að kúr þurfa að fara inn í geldstöðuna í réttu holdafari, hvorki of feitar né of grannar, með því móti eru kúr betur í stakk búna að takast á við næsta mjaltaskeið til mikilla afurða. Það er mun ódýrari orka sem fellst í því að umbreyta orku úr fóðri í fóðurefni en að breyta fitufórða í afurðaeiningar. Þess í stað er kúnum gefið það sem þær þurfa en það er ekki endilega víst að þær innbyggði alla gjöfina.

Annar þáttur sem þau segja að skiptir miklu máli er að kvígur á fyrsta kálfi fái líka meira að éta en sem nemur reiknaðri þörf þar sem ekki er nógu mikið tillit tekið til þess að skepnan er enn að vaxa og þroskast. Með því er enn frekar verið að undirbyggja næstu mjaltaskeið.

Næstu skref í uppbyggingu búans á Stakkhamri er að bæta uppeldisstöðu fyrir kálfa og unguneyti. Þegar mjaltapjónninn kom í hús var gengið á uppeldisplássið en nú á sem sagt að kippa því í liðinn.

Helsti ávinningurinn í að ná miklum afurðum eftir hvern grip er ef rétt er á spöðunum haldið að það skili betri rekstri. Einstaka þáttur í breytilegum kostnaði gæti verið eitthvað hærri við að ná þetta háu afurðastigi miðað við að vera einhverjum lítrum lægri en aftur á móti verða til fleiri lítrar við að borga heildarkostnaðinn. Til að mynda þarf ekki jafn marga gripi til að framleiða sama magn af mjólk,” segja bændurnir á Stakkhamri.

Deilt um tollflokkan á rifnum „pítsaosti“

Haustið 2020 tók Skatturinn til skoðunar innflutning á svokölluðum pítsaosti og tilkynnti í kjölfarið innflytjanda vörunnar um álagningu tolls á vöruna á þeim grundvelli að um ost væri að ræða. Þarna var ágreiningur um það hvort vara sem ber heitið Festino IQF Mozzarella Pizza Mix, sem er rifinn ostur (82-83% mozzarella) blandaður við jurtaolíu (11-12% pálmaolíu) auk sterkju, skyldi tollflokka sem ostur eða jurtaostur – m.ö.o. hvort greiða ætti 30% toll auk magntolls, eða 0% toll af vörunni. Innflytjandi vörunnar, Danól ehf., stefndi íslenska ríkinu og féll dómur í því í héraði sumarið 2021. Héraðsdómur staðfesti úrskurð tollgæslustjóra, þ.e. varan skyldi tollflokka sem ostur.

Málinu var áfrýjað til Landsréttar og var niðurstaðan þar á sömu lund, þ.e. að með hliðsjón af efnisinnihaldi vörunnar og almennum reglum um túlkun tollskrár bæri að flokka vöruna sem hvers konar rifinn ost eða mulinn ost þar sem aðalinnihaldsefnið er mjólkur-ostur. Danól ehf. óskaði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar en var synjað. Íslenska ríkið er bundið af þessari niðurstöðu Landsréttar enda er dómur Landsréttar endanlegur dómur í málinu.

Málsmeðferð hjá

Alþjóðatollastofnuninni

Ísland er aðili að Alþjóðatollastofnuninni (e. *World Customs Organisation*, skammstafað WCO), en hún hefur aðsetur í Brussel. Þessi stofnun er vörsluaðili samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránnar (e. *Harmonized System*) en hún er grund-

völlur tollskráa einstakra ríkja, þ.m.t. tollskrár íslenska ríkisins. Stofnunin fjallar einnig um mál þegar aðildarríki greinir á um tollflokkan á vörum. Í mars 2023 tók stofnunin fyrir mál ESB gegn Íslandi þar sem ESB krafðist þess að sama vara og deilt var um fyrir íslenskum



dómstólum, skyldi flokkuð í tollflokka 2106 (þar sem 0% tollur gildi), með öðrum orðum ekki sem ostur í tollflokka 0406 (þar sem 30% tollur auk magntolls gildi). Í fundargerð fundarins kemur fram að 22 ríki greiddu atkvæði með ESB en 10 með Íslandi. Svo virðist sem að skiptar skoðanir hafi verið á milli aðildarríkja

WCO um hvernig ætti að tollflokka umrædda vöru. Athygli vekur að Bandaríkin voru sammála afstöðu íslenska ríkisins fyrir nefndinni og vísaði þar til þess að uppistaða vörunnar væri mjólkurfiti.

Dómstólar í öðrum löndum

hafa ekki verið sammála WCO

Þótt þessi málsmeðferð leiði til tiltekinar niðurstöðu er ljóst að það ríki, sem biður lægri hlut þegar ákvörðun er tekin um tollflokkan, getur átt í erfiðleikum með að framfylgja ákvörðuninni.

Ástæður þess geta verið margvíslegar, en ein slík getur verið ef dómstóll í viðkomandi ríki hefur tekið ákvörðun um tollflokkan vörunnar. Af hálfu WCO er gert ráð fyrir að þessi staða geti komið upp. Aðildarríkin geta þá tilkynnt HS Committee um þessa stöðu á tiltekinn hátt. Á undanförnum 20 árum hafa fjölmörg aðildarríki, þ.m.t. Kanada og ESB, nýtt sér þennan rétt og sent tilkynningu til WCO um að ákvörðun HS Committee verði ekki framfylgt.¹

Af hálfu Félags atvinnurekenda hefur því verið haldið fram að dómur íslenskra dómstóla hafi gengið gegn skuldbindingum sem leiða af aðild að WCO. Það er hins vegar rangt. Þvert á móti er sérstaklega gert ráð fyrir því að staða sem þessi geti komið upp og að aðildarríki geti tilkynnt WCO ef þau geta ekki farið eftir tilmælum WCO, t.d. vegna dómsniðurstöðu innan sinnar lögsögu.

Núverandi staða málsins

Niðurstaða bæði Héraðsdóms Reykjavíkur og Landsréttar er skýr hvað varðar tollflokkan vörunnar. Það er grundvallaratriði að hér á landi gilda íslensk tollalög og tollskráin sem viðauki við þau. Orðalag tollskráa einstakra ríkja er ekki algerlega samhljóða og því koma upp álitamál af þessu tagi þar sem ríki mega tilkynna WCO að þau geti ekki hlitt niðurstöðum stofnunarinnar. Málið er því enn á borði íslenskra stjórnvalda til fullnaðar úrlausnar. / EB

¹ Sjá yfirlit yfir þessar tilkynningar á heimasíðu WCO (staða tilkynninga m.v. 23. febrúar 2023): <<https://www.wcoomd.org/-/media/wco/public/global/pdf/topics/nomenclature/instruments-and-tools/classification-decisions/harmonized-system-committee-decisions/application-of-hsc-decisions-notifications-en.pdf?la=en>>.

Um Alþjóðatollastofnunina og skuldbindingar aðildarríkja

Alþjóðatollastofnunin hefur ekki yfirþjóðlegt vald og getur ekki skuldbundið aðildarríki hvað tollflokkan varðar. Aðildarríkin eru skuldbundin til að framfylgja ákvörðunum WCO sem teknar eru á grundvelli alþjóðasamnings um alþjóðlega samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá. Á grundvelli þess samnings getur sérstök nefnd, HS Committee, tekið ákvarðanir um tollflokkan einstakra vara. Aðildarríki geti þó einnig tilkynnt HS Committee að það geti ekki framfylgt ákvörðun nefndarinnar þar sem dómstóll í aðildarríkinu hefur kveðið upp dóm um tollflokkan eða óskað eftir endurskoðun á ákvörðun nefndarinnar hjá WCO.



Innvigtun, sala og birgðir

Framleiðsla mjólkur 2023

Fyrstu 22 vikur ársins 2023 jókst mjólkurframleiðslan um 2,1% frá árinu á undan eða um 1,4 millj. lítra, sjá mynd 1. Hins vegar ef borið er saman við árið 2021 þá dróst innvigtun ársins 2023 saman um 0,1% eða um 50 þús lítra.

Sala mjólkur og útflutningur


Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. maí 2022 – apr 2023, var samanlögð mjólkurframleiðsla 148,9 milljónir lítra sem er um 1% meiri framleiðsla en 12 mánuðina þar á undan.

Þetta kemur fram í töflu 1. Umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam 148,2 milljónum lítra á fitugrunni á síðustu 12 mánuðum og um 130 milljónum lítra á próteingrunni. Salan á fitugrunni jókst um 2,2 % á tímabilinu og á próteingrunni um 4,8 %. Sala á fitugrunni var 18,3 millj. lítrum meiri en sala á próteingrunni á síðustu 12 mánuðum.

Mjólkurframleiðsla umfram sölu á próteingrunni var um 18,9 milljónir lítra s.l. 12 mánuði og um 660 þús lítrum umfram sölu á fitugrunni. Sala á próteingrunni var um 87,3% af mjólkurframleiðslunni á sama tíma og sala á fitugrunni var um 99,6% af mjólkurframleiðslunni.

Útflutningur á mjólk miðað við prótein nam um 24,8 milljónum lítra á s.l. 12 mánuðum en á fitugrunni um 1,5 milljónum lítra. Útflutningur á „Birgðavörum“ osti, dufti og smjöri hefur gengið vel undanfarið og hefur verið hægt að flytja út jafnóðum eftir þörf. Birgðastaða er í góðu jafnvægi.

Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2021, 2022 og 2023 (vikur 1-22).



Tafla 1. Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. apríl 2023.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	apríl mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	23.336.587	23.544.747	27.900.967	-13,84	-17,79	-23,08
Innvegin mjólk	12.831.145	38.161.085	148.887.901	-0,15	1,86	1,03
Seldar afurðir	10.092.031	31.543.501	129.953.577	1,05	3,23	4,78
Útflutningur	2.002.784	6.660.897	24.760.707	30,46	-11,17	-17,96
Birgðir í lok	24.581.821	24.581.821	24.581.821	-11,90	-11,90	-11,90
Mismunur	-508.904	-1.080.387	-2.507.238	-199,14	-836,51	-262,73
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	22.117.141	20.888.637	22.742.941	2,50	-6,85	-7,81
Innvegin mjólk	12.831.145	38.161.085	148.887.901	-0,15	1,86	1,03
Seldar afurðir	11.450.195	35.743.095	148.225.539	-0,84	1,16	2,21
Útflutningur	58.118	411.794	1.495.457	46,42	-77,81	-55,37
Birgðir í lok	23.679.672	23.679.672	23.679.672	4,12	4,12	4,12
Mismunur	-239.699	-784.839	-1.769.826	-343,30	1682,06	-291,12




Ljómandi gott Engjaþykknir í nýjum um- búðum

Engjaþykknir hefur lengi vel verið ómissandi partur af deginum á mörgum heimilum enda tilvalinn kostur sem sparimorgun-verður, gómsætur millibiti eða ljúffengur eftirrétur. Nú er svo komið að þessi klassíska vara sem svo margir þekkja úr eftirréttalínu MS er komin í nýjar tveggja hólfa umbúðir með plastloki í stað álloks áður og við breytingarnar þótti upplagt að blása nýju lífi í útlit umbúðanna.


Auglýsingastofan Hvíta húsið fékk það skemmtilega hlutverk að hanna útlitið á Engjaþykkninu og er óhætt að segja að litagleði og léttleiki einkenni nýjar umbúðir. *Helga Valdís Árnadóttir*, yfirumsjónarhönnuður hjá Hvíta húsinu, á heiðurinn að nýju umbúðunum. Hún er alvön í þessum efnum, hefur hannað umbúðir síðan 2004 og gert fjöldamargar vöruumbúðir fyrir Mjólkursamsöluna.

„Við hönnun á Engjaþykkninu gátum við leyft okkur smá leik, þar sem mark-hópurinn er fólk, oft í yngri kantinum, sem leyfir sér eftirrétti. Bragðið er ferskt og það er ákveðin stemning í að hella kurlinu yfir í jógúrtina, svo það kallar á glaðlegar, bjartar og leikandi umbúðir. Það var frábært að MS var tilbúin til að skipta alveg um merki Engjaþykknis, og þannig náðum við að setja ákveðið karakter-einkenni á útlitið. Það mikilvægasta við hönnun á umbúðum er að þær séu vel sýnilegar og skýrar svo auðvelt sé að nálgast þær í búðarhillum og með nýju merki, leikandi litríkri grafík og fljótandi bragðefni teljum við okkur hafa tekist vel til.“ / GBJ


Mynd 2 Umreiknaðar birgðir próteins. Þróun 2021 – 2023.



Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2020 – 2023



Mynd 4 Þróun ostabirgða 2020 - 2023 (26% og 17%).



Birgðir mjólkurvara

Á mynd 2 má sjá þróun próteinbirgða 2021 – 2023, umreiknaðar yfir í lítra mjólkur. Þessar birgðir eru í góðu jafnvægi. Myndir 3 – 6 sýna birgðabróun helstu flokka mjólkurvara 2020 - 2023.


Á mynd 3 kemur m.a. fram að smjörbirgðir voru um 499 tonn í lok apríl s.l., jukust um 70 tonn í apríl og um 117 tonn milli ára. Vegna aukinnar eftirspurnar eftir smjöri er verið að auka birgðir til að búa í hagin fyrir væntanlega sölu í aðdraganda næstu

jóla. Birgðir af smjöri eru í góðu jafnvægi í öllum vörunúmerum

Eins og sjá má á mynd 4 eru ostabirgðir áfram í mjög góðu jafnvægi. Þær hafa á síðustu mánuðum verið nálægt 1.180 tonnum að jafnaði. Í lok apríl voru birgðirnar 1.188 tonn og jukust um 17 tonn í mánuðinum en drógust saman um 35 tonn á síðustu 12 mánuðum. Vel er fylgst með þessum birgðum og er brugðist við um leið og þurfa þykir m.t.t. aldurs og magns í hverjum vöruflokki.


Mozzarellaostur er notaður til birgða-
stýringar og eru nú birgðir af honum lágar.

Mynd 5 Þróun birgða á Mozzarella osti 2020 – 2023



Mynd 6 sýnir birgðaþróun á undanrennudufti. Birgðirnar eru jafnar og er haldið á bilinu 200 – 300 tonn. Undanrennuduft er flutt út jafn óðum og birgðir hafa náð ákveðnu marki. Útflutningur á próteini hefur að stærstum hluta verið í formi undanrennuosts og undanrennudufts.

Mynd 6 Þróun birgða á undanrennudufti 2020 – 2023



/JKB

Markaðsmálin



**Gréta Björg Jakobsdóttir,
Guðbjörg Helga
Jóhannesdóttir, Halldóra
Arnardóttir og Aðalsteinn
H. Magnússon á vikulegum
fundi markaðsdeilda.**



Í Mjólkursamsölunni starfar lítil en kraftmikil markaðsdeild sem sinnir margvíslegum verkefnum allan ársins hring. Samvinna og samskipti eru einkennandi fyrir störf deildarinnar en þau fela öll í sér mikil samskipti við fólk, jafnt innan sem utan fyrirtækisins og þá er fjölbreytileiki verkefnanna oft á tíðum

undraverður og óhætt að segja að enginn dagur sé eins. Þrátt fyrir skýra verkaskiptingu er mikið og gott samtal milli starfsmanna sem hafa fundið góðan takt í samstarfinu og vinna alla daga að því að gera vörum okkar hátt undir höfði og koma þeim á framfæri sem viðast.



NÝR VALKOSTUR FYRIR STÓR- ELDHÚS

-aukin þægindi og meiri tími

Mjólkursamsalan býður nú upp á nýja sölueiningu á hinum sívinsæla 26% Góðosti en um er að ræða bakka með 30 röðuðum sneiðum sem viðskiptavinir hafa lengi óskað eftir.

Hér er tvímælalaust komin hentug lausn fyrir marga viðskiptavini sem felur í sér aukin þægindi og tímasparnað. Bakkarnir henta jafnt hótélum, gisti- húsum, mötuneytum, veitingahúsum sem og öðrum stórnotendum.

Alls eru 10 bakkar í sölueiningu eða 300 sneiðar í það heila. / GHJ



Sumarið kemur með Hleðslu próteinkaffi



Sumarið er komið hjá Hleðslufjölskyldunni sem nú kynnr til leiks sérstaka Sumar Hleðslu! Sumar Hleðsla er próteinríkur kaffidrykkur úr íslenskri mjólk og kaldbrugguðu kaffi (e. cold brew coffee). Kaffið er malað úr 100% Arabica baunum frá Eþíópíu og inniheldur ein ferna 22 g prótein og 100 mg koffín. Saman mynda kaffið og próteinrík íslensk mjólkín silkimjúka og bragðmilda kaffiblöndu sem kemur skemmtilega á óvart.

„Eftir frábærar viðtökur á Hleðslu með karamellubragði var ekki annað hægt en að gleðja Hleðslusamfélagið með

annarri bragðtegund og varð kaffi fyrir valinu í þetta sinn,“ segir Halldóra Arnardóttir, markaðsstjóri hjá MS. „Sumar Hleðsla inniheldur ekki kaffibragðefni, heldur alvöru kaldbruggað kaffi og er þetta í fyrsta sinn sem við höfum sett á markað Hleðslu með koffíni,“ bætir Halldóra við.

Hér er á ferðinni sannkallað sumar í fernu en eins og um-búðirnar gefa til kynna er hér um spennandi nýjung að ræða sem enginn Hleðslu- eða kaffiunnandi má missa af. Sumar Hleðsla geymist í kæli og þarf að hrista fyrir notkun en svo er bara að njóta og njóta vel.



Á fögrum degi síðastliðið sumar

Létt og loftkennt Ísey skyr Púff

VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI



NÝTT!

Ísey skyr heldur áfram að gleðja skyr-unnendur og kynnir nú spennandi nýjung sem á enga sína líka. Púff er létt og loftkennt skyr sem unnið er með nýrri framleiðsluaðferð. „Orðið púff var notað á 19. öld yfir hluti sem búið var að bólstra eða blása upp og fannst okkur tilvalið að gefa nýja Ísey skyrinu þetta skemmtilega nafn,“ segir Halldóra Arnardóttir, markaðs- og vöruflokkastjóri hjá MS.

Áferðin á nýja skyrinu er frábrugðin því sem fólk hefur vanist og kemur skemmtilega á óvart en það er bæði létt í munni og maga.

Þrjár spennandi bragðtegundir koma á markað í einu og þær eru hver annarri betri: Saltkaramella, kaffi og súkkulaði og jarðarber og límóna.

Ísey skyr Púff kemur í nýjum endurvinnanlegum umbúðum en dósin er úr þynnra plasti en áður, með pappahólk utan um sem auðvelt er að rífa af og á henni plastlok í stað áloks sem var áður. Flokkun á umbúðunum til endurvinnslu er tvískipt en dósin og lokið flokkast með plasti og pappahólkurinn með pappír.

Kókómjólkin góða fagnar 50 ára afmæli

Einn ástsælasti drykkur þjóðarinnar, sjálf Kókómjólkin, fagnar 50 ára afmæli á árinu. Drykkurinn kom fyrst á markað 1973 og var fyrstu tvö árin í pappahyrnu en svo tók pappaférnan við. Umbúðirnar voru þá skreyttar með mynd af kettil hlusta á tónlist og allar götur síðan hefur köttur verið lukkudýr Kókómjólkurinnar. Kötturinn Klói var fyrst nafngreindur 1990 þegar umbúðirnar fengu andlitslyftingu og hefur hann aðeins þroskast og breyst á síðustu áratugum.

Í tilefni 50 ára afmælisins hefur Kókómjólkin verið færð í sérstakan afmælisbúning og pryða fernurnar nú þjár ólíkar myndir þar sem m.a. má sjá endurgerð á myndinni sem prýddi fyrstu fernurnar; baksvipinn á kettil að njóta ljúfra tóna úr grammófóni. Nostalgían fær líka að njóta sín í nýrri Kókómjólkur auglýsingu í leikstjórn Hannesar Þórs Halldórssonar en þar er sögð sagan af einstakri vináttu sem spannar hálfa öld. Aðalhlutverkin í auglýsingu eru í höndum stórleikarans Hilmaris Guðjónssonar og þriggja ungra og upprennandi leikara sem fara algjörlega á kostum í hlutverkum sínum.


Kókómjólk hefur fyrir löngu unnið hug og hjörtu Íslendinga enda passar hún vel með hverju sem er, súkkulaðisnúð eða einni með öllu, með banana eftir góða íþróttæfingu eða ein sér hvenær sem er. Margir tengjast Kókómjólkinni sérstökum böndum og eiga



Klói og Elma Bjarney Guðmundsdóttir.

góðar minningar úr æsku henni tengdri en drykkurinn hefur verið ein vinsælasta vara MS í hálfa öld og drekka Íslendingar um níu milljónir Kókómjólkurferna á hverju ári.

Kókómjólkin góða er framleidd hjá Mjólkursamsölunni á Selfossi sem er einn stærsti vinnustaðurinn í bæjarfélaginu og starfa þar um 110 manns við fjölbreytt störf. Kókómjólkin dansar eftir færibandinu í þúsundtali í viku hverri og er síðan pakkað og dreift um allt land. Þó Klói sé vissulega borinn og barnfæddur Selfyssingur og Selfoss sé heimabær Kókómjólkurinnar er drykkurinn án efa drykkur allra landsmanna og vonum við að sem flestir njóti afmælisársins með Kókómjólki við hönd. /HA





HAGSTÆTT VERÐ

HEIÐTIST FYRIR NOTKUN

LGG+
JARBARBER

7
SJÖ DAGSKAMMTAR AF LGG+

LGG 455 ml
LAKTÓSAALAUST

SJÖ SKAMMTAR Í EINNI FERNU



fólkid og mjólkinn

um daginn hjá MS á Akureyri



Sigriður Elva Sigurðardóttir pakkar kryddosti.



Thelma Sefakor Alubankudi í kotasælupökkun.



Mile Kovacevic í tankbílamóttöku.

Ljósmyndir Skapti.



Bragi Egilsson hrærir í kotasælukarinu.



Arnar Helgi Kristjánsson í smurostagerð.



Helgi Sigurðsson í smjörpökkun.

Unbrot: Askell Þorláksson